

Nd. 512. Frumvarp til laga [251. mál]

um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi þrjár nýjar greinar:

Í stað 9. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Stofna skal í Iðnlánasjóði lánadeild iðngarða, er hafi þann tilgang að lána stofnlán til sveitarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðarmannvirki í því skyni að efla íslenskan iðnað eða skapa með öðrum hætti starfsaðstöðu til handa iðnfyrirtækjum, sem greiða iðnlánasjóðsgjald skv. 5. grein, enda öðlist þau á fullnægjandi hátt að mati stjórnar Iðnlánasjóðs leigu- og/eða kauprétt að þeirri aðstöðu eða mannvirki, sem lánað er til.

Í stað 10. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:
Tekjur lánadeildar iðngarða eru:

1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
2. Á fyrstu fjórum starfsárum lánadeildarinnar renni allt að 250 milljónum króna á ári af umráðafé Iðnlánasjóðs til deildarinnar.
3. Andvirði sérstakra lána, sem stjórn Iðnlánasjóðs, að fengu samþykki iðnaðar ráðherra, aflar til deildarinnar, sbr. 6. grein.
4. Vextir og vísitöluálag.

Í stað 11. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Almenn lánakjör Iðnlánasjóðs skulu gilda um lán úr lánadeild Iðngarða, en að öðru leyti setur iðnaðarráðherra með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar.

2. gr.

9., 10. og 11. gr. laganna verða 12., 13. og 14. gr. og röð annarra greina breytist í samræmi við það

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bygging iðngarða eða iðnaðarmiðstöðva hefur verið til umræðu um nokkurt skeið. Á árunum upp úr 1960 voru byggðir svokallaðir iðngarðar í Reykjavík. Þar var um að ræða staðlaðar verksmiðjubyggingar, sem byggðar voru með sameiginlegu skipulagsátaki fyrirtækja, sem hvert og eitt átti sinn hluta framkvæmdanna og ábyrgðist fjármögnun hans. Misjöfn fjárhagsgeta og fjárfestingarstefna eigenda þessara bygginga hefur þó orðið til þess, að margar þeirra eru nú komnar undir verslunarstarfsemi.

Á síðari árum hafa svo þróað hugmyndir um iðngarða, sem reistir væru fyrir opinbert frumkvæði á vegum ríkis eða sveitarfélaga og jafnvel félagasamtaka en yrðu síðan leigðir til iðnfyrirtækja með hagstæðum kjörum, sem gætu verið breytileg eftir aðstæðum, allt frá leiguandanþágu eða mjög vægri leigu til ungs og fjármagnslitils áhættufyrirtækis, og upp í fulla leigu eða leigukaupakjör fyrir gróíð fyrirtæki, sem gæti borið fullan fjármagnskostnað. Mikilvægur þáttur iðngarða af þessari tegund er auk fyrrgreindra atriða stefnumótandi í þeim skilningi, að reynt yrði að koma á fót margvislegu samstarfi og sameiginlegri þjónustu meðal fyrirtækja í hverri slíkri miðstöð og stuðlað að bættri aðbúð af hálfu sveitarfélaga til hagsbóta fyrir slík fyrirtæki. Gætu mörg smærri fyrirtæki þannig notið rekstrarhagræðis og aðbúnaðar, sem aðeins stærri fyrirtæki njóta venjulega. Hagræðið getur þannig m. a. komið fram í eftirtöldu:

1. Minnkuð fjárfestingarbyrði og fjármagnsþörf. Fyrirtæki geta einbeitt fjármunum að framleiðslubúnaði og tækjum. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir fyrirtæki, sem eru að fara af stað.
2. Minnkað átak við skipulagningu hjá nýstofnuðum fyrirtækjum. Sú framkvæmdaorka, sem fer í húsbýggingar, sparast, og jafnframt getur fyrirtækið strax notið hagræðis af heppilegu húsnæði.
3. Lægri rekstrarkostnaður, sem leiðir af hagkvæmum byggingum og lægri húsnæðiskostnaði.
4. Möguleikar á samstarfi um ýmsa rekstrarþætti:
 - hráefniskaup — útvegum aðflutninga
 - framleiðslusamstarf
 - sölusamstarf — afurðaflutning
 - bókhalds- og skrifstofuþjónustu og erindrektur (bankamál, tollamál)

- matar- og kaffiaðstöðu og annan aðbúnað starfsliðs
- bætt umhverfi innanhúss og utan
- viðhaldsþjónustu
- rekstrarráðgjöf.

5. Hægt er að koma við skipulögðum aðgerðum til að efla reksturinn með fræðslu og námskeiðahaldi fyrir stjórnendur og starfslið og bæta félagslega aðstöðu þeirra, sem starfa á slíkum stöðum.

Gildi iðngarða er ekki hvað síst fyrir hinar dreifðari byggðir landsins, þar sem erfiðast er að fá þá samverkan í framleiðslu og þjónustu, sem oftast kemst auðveldlega á, og nánast af sjálfu sér í þéttbýlinu. Er því ljóst, að hér getur verið um mikilvægt byggðastefnumál að ræða. Á hinn bóginn getur þetta einnig orðið þáttur í því að styðja iðnþróun innan sömu greinar eða skyldra greina, þar sem stuðlað yrði að framleiðslusamvinnu fleiri fyrirtækja, t.d. innan málm- og skipasmíðaiðnaðarins og þeirra greina, er þjóna skipasmíðum og skipaviðgerðum. Miðstöð slíkra fyrirtækja mætti skipuleggja í tengslum við sameiginlega dráttarbraut og viðlegu- aðstöðu svo eitthvað sé nefnt.

Þess ber að sjálfsgöðu að gæta, að með aðstöðu innan iðngarða sé fyrirtækjum, sem eiga í samkeppni í sömu grein, ekki mismunað eða stuðlað að neikvæðri samkeppni innan byggðarlaganna eða á landsvísu. Iðngörðum er ætlað að stuðla að nýjum atvinnutækifærum í iðnaði með áherslu á framleiðsluiðnað, og er æskilegt að með þeim verði stuðlað að útflutningi í iðnaði eða umbótum, sem opni nýjar leiðir í iðnþróun. Þessi margþætti stefnumótandi tilgangur iðngarða, sem hér er lýst, gerir það að verkum, að vanda þarf og huga vel að eignar- og rekstrarformi þeirra og setja lög og reglur í því sambandi.

Mun verða unnið að undirbúningi lagafrumvarps um það efni á næstunni á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Fjallað var um stefnumótandi hlutverk iðngarða í skýrslum sérfræðinga UNIDO, sem hér störfuðu á fyrri hluta þessa áratugs, og í skýrslu Iðnþróunarnefndar „Efling íslensks iðnaðar 1975—1985“, var á sínum tíma bent á það hagræði, sem fyrirtæki gætu haft af samvinnu um hina ýmsu þætti framleiðslunnar og þjónustu við reksturinn. Á ráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um sveitarstjórnir og iðnþróun, sem haldin var haustið 1977, var þessi hugmynd aftur töluvert rædd og þar lýst þeirri ágætu reynslu, sem fengist hefur af þessu fyrirkomulagi á Bretlandseyjum og í Noregi.

Í Noregi var árið 1968 stofnað fyrirtæki í ríkiseign, sem hefur það hlutverk að reisa iðngarða. Á fyrirtækið SIVA (Selskapet for industrivekstanlegg) nú 14 iðngarða, en hefur byggt 2 aðra, sem seldir hafa verið leigutökum. Alls störfuðu í þessum fyrirtækjum 2 700 manns árið 1977, og gólfloitur bygginganna var 157 500 m². Í Bretlandi hafa margir tugir iðngarða verið reistir frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar og gegnt mikilvægu hlutverk í iðnaðar og atvinnuþróun þar í landi, ekki síst í tengslum við eflingu byggðar og efnahagslífs í Skotlandi, Wales og á Norður-Ítlandi.

Í framhaldi af umræðum á þingi Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa ýmsir aðilar sýnt málinu verulegan áhuga. Meðal annars hefur Byggðadeild Framkvæmdastofnunnar tekið málið upp í tillögum sínum um iðnþróun í Rangárvallasýslu, og ýmsar sveitarstjórnir hafa leitað eftir stuðningi hins opinbera í málinu. Fyrir Alþingi liggur og þingsályktunartillaga um stuðning við þetta mál með setningu löggjafar. (100. löggjafarþing, mál 5).

Á fyrrnefndri ráðstefnu sveitarfélaganna var upplýst, að Iðnlánasjóður hefði í reynd enga möguleika á að lána bæjar- eða sveitarfélögum til slíkra bygginga, þar sem sjóðurinn veitir samkvæmt lögum forgang þeim fyrirtækjum, sem greiða eða koma til með að greiða iðnlánasjóðsgjald. Í hinum stöðuga lánsfjárskorti útilokar þetta forgangsréttarákvæði lán til sveitarfélaga.

Til að þetta ákvæði standi ekki í vegi fyrir því, að tekið verði af alvöru til við að móta hugmyndir um iðngarða af þessar tegund, og að athuganir og annar undirbúningur gæti hafist hjá þeim sveitarfélögum, sem áhuga hafa á þessu máli, hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja fram þetta frumvarp um breytingar á lögnum um Iðnlánasjóð. Er gert ráð fyrir að stofnuð verði sérstök deild innan sjóðsins, er gegni því hlutverki að lána til byggingar iðngarða. Getur Alþingi m. a. ákveðið þeirri deild sérstakt framlag, til að efla þennan þátt í starfi Iðnlánasjóðs og þannig haft áhrif á uppbyggingu iðnaðar í landinu. Gæti þessi deild Iðnlánasjóðs þá gegnt svipuðu hlutverki við fjármögnun undirstöðufjárfestinga í iðnaði víða um land eins og Fiskveiðisjóður hefur haft við fjármögnun skuttogarakaup og uppbyggingu hraðfrystihúsa í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Á móti lánnum Iðnlánasjóðs gæti Bygðasjóður þá með sínum framlögum haft áhrif á staðsetningu og uppbyggingarhraða í samræmi við stefnuna í byggðamálum. Mikilvægt er að náin samvinna takist um meðferð málsins hjá þessum sjóðum og samkomulag um þær reglur, sem miðað skuli við.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í þessari grein er fólgin öll sú breyting á lögnum um Iðnlánasjóð, sem stefnt er að með frumvarpi þessu. Heildarlögin um Iðnlánasjóð eru nr. 68/1967, en á þeim hafa síðan 5 sinnum verið gerðar breytingar, 1968, 1971, 1973, 1974, og 1977.

Samkvæmt 10. gr. laganna er það meginregla, að þeir aðilar, sem greiða iðnlánasjóðsgjald, skv. 5. gr. laganna, skulu að öðru jöfnu hafa forgang að lánnum úr Iðnlánasjóði. Þar sem hins vegar sjóðnum hafa frá upphafi borist árlega fleiri lánshæfar umsóknir en umráðafé hans hefur gert kleift að sinna, hefur þessi laga-regla þýtt, að einungis þeir, sem greiða iðnlánasjóðsgjald, hafa fengið lán úr sjóðnum.

Með frumvarpi þessu er ekki ætlunin að hverfa frá greindri lagareglu, heldur gera á henni nauðsynlega en þó afmarkaða undantekningu.

Svo sem fyrr segir hefur Iðnlánasjóður til þessa ekki getað lánað sveitarfélögum, sem hafa haft hug á að skapa iðnaðinum í byggðarlaginu, einkum nýjum iðnfyrirtækjum, bættu aðstöðu til iðnreksturs með beinum fjárframlögum og annarri fyrirgreiðslu. Í því skyni að koma til móts við sveitarfélögin í þessum efnum er hér lagt til, að Iðnlánasjóður geti lánað þeim, þegar tilteknum skilyrðum er fullnægt, þótt þau greiði ekki iðnlánasjóðsgjald. Vegna væntanlegrar þróunar í þessum efnum, þykir rétt að binda þessa heimild ekki við sveitarfélög eingöngu, heldur láta hana ná til annarra aðila, sem á svipaðan hátt og sveitarfélögin, vilja efla og styrkja iðnþróun í sínu byggðarlagi. Þar gætu félagasamtök og einstaklingar komið til greina, svo og ríkið eða einstakar stofnanir þess.

Þessi undantekning er gerð með þeim hætti, að stofnuð er ný deild í Iðnlánasjóði með framangreint hlutverk og heimildir. Fyrir er í Iðnlánasjóði önnur deild með sérstöku hlutverki, en það er lánadeild veiðarfæraíðnaðar. Lagaákvæðin um nýja lánadeild iðngarða eru áþekk þeim ákvæðum, sem í gildi eru um lánadeild veiðarfæraíðnaðar.

Það þykir rétt að auðkenna lánadeildina með heitinu lánadeild iðngarða. Þar með er heitinu iðngarðar ætlað að vera safnheiti á þeim iðnaðarmiðstöðvum, sem upp munu rísa og kæmu undir þessi lagaákvæði, hvornig svo sem aðstöðinni við iðnfyrirtækin yrði háttað (húsakostur, vélvæðing, hagræðing o. fl.).

Samkv. greininni, er verður 9. gr., er það megin skilyrði fyrir lánveitingu til iðngarða, að þau iðnfyrirtæki, sem nytu þess að fá þar aðstöðu og fyrirgreiðslu, greiddu sjálf iðnlánasjóðsgjald eða ættu að greiða það. Ef iðngarðar, sem lánað hefði verið til, yrðu leigðir eða notaðir til annars, svo sem undir verslun, félagslega starfsemi, skrifstofur o. þ. h., yrði lánið uppsegjanlegt af hálfu Iðnlánasjóðs. Það leiðir af orðalaginu þessarar greinar, að aðili, sem sækir um lán til iðngarða, geri stjórn Iðnlána-

sjóðs fullnægjand grein fyrir áformum sínum, hverjum hann ætlar að leigja eða selja, o. s. frv.

Í greininni sem verður 10. gr. er gert ráð fyrir, að á fjárlögum verði veitt fé til uppbyggingar þessarar lánadeildar eftir ákvörðun Alþingis hverju sinni, en miða þarf fjárhæðina við þróun þessara mála. Hér er verið að sameina kraftana, þ. e. samhæfa átak fleiri aðila til eflingar iðnþróunar. Ákveðið er, að 1 miljarður króna gangi beint úr Iðnlánasjóði til lánadeildarinnar sem slíkrar, og að sú yfirfærsla til uppbyggingar taki 4 ár, 250 m. kr. á ári. Vextir og verðtrygging myndu að sjálfsögðu koma sem tekjur fyrir deildina. Annað umráðafé hennar eru svo afborganir lána og andvirði sérstakra lána, sem stjórn Iðnlánasjóðs tæki fyrir deildina, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra.

Samkvæmt greininni, er verður 11. gr. setur iðnaðarráðherra reglugerð um starfsemi deildarinnar á þeim lagagrundvelli, sem hér er lagður. Með þeim hætti er hægt að búa þessum málum öruggan farveg á stjórnarfarslegan hátt, eftir því, sem þróun hugmynda um iðngarða fleygir fram, og starfshættir lánadeildarinnar þróast. Í þessari grein er gengið út frá því, að sömu lánskjör gilda um lán til iðngarða og gilda um önnur lán úr Iðnlánasjóði.“

Um 2. og 3. grein.

Þarfnast ekki skýringa.